



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 5/2007 um lokun póstafréiðslu á Stað

I. Erindið

Með bréfi, dags. 6. nóvember 2006, óskaði Íslandspóstur hf. eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að fá heimild til að loka afgreiðslu fyrirtækisins á Stað, Staðarskála (póstnúmer 500), frá og með 1. apríl 2007.

Eftirfarandi upplýsingar lágu til grundvallar beiðninni:

1. Samkvæmt íbúaskrá Hagstofu (tölur frá 2005) bjuggu 105 einstaklingar í Bæjarhreppi, þar af 75 sem voru 18 ára eða eldri.
2. Afgreiðslan þjóni eingöngu íbúum í Bæjarhreppi og fjöldi heimila sé 63, næsta pósthús sé á Hvammstanga og þangað séu 34 km frá Stað.
3. Ætlunin sé að nota landpóst fimm daga vikunnar sem sér um að dreifa til allra aðila. Póstkassi verði á Staðarskála sem landpóstur tæmir.
4. Samgöngur við svæðið séu greiðar. Snjómokstur Vegagerðarinnar er skv. reglu A (7 sinnum í viku).
5. Meðalfjöldi afgreiðslna fyrstu 10 mánuði ársins eru 16 á dag.
6. Í stað afgreiðslu mun landpóstur fara á hvert heimili 5 sinnum í viku frá Hvammstanga. Hann geti sinnt öllu því sem hægt er að gera á afgreiðslustað.

II. Málsmeðferð

Með bréfi, dags. 13. nóvember 2006, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsögn Bæjarhreypps, vegna fyrirhugaðrar lokunnar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um afgreiðslustaði nr. 504/2003. Með bréfi, dags. 6. desember 2006, var beiðni um umsögn ítrekuð og einnig með tölvupóst, dags. 8. janúar 2007. Umsögn sveitarfélagsins barst með bréfi, dags. 11. janúar 2007. Í umsögn sveitarfélagsins er ekki vikið að þeim atriðum sem fram koma í 5. gr. reglna um afgreiðslustaði, sem Póst- og fjarskiptastofnun leggur til grundvallar við mat á því hvort leggja eigi niður afgreiðslustað. Hreppsnefndin bendir hins vegar á að á Borðeyri sé byggðakjarni og einnig afgreiðsla Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og dæmi séu um samvinnu Íslandspósts hf. víða um land.

III. Niðurstaða

Í reglum nr. 504/2003, um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu, sem Póst- og fjarskiptastofnun gaf út með heimild í 3. mgr. 15. gr. og 24. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, er eftirfarandi ákvæði um fjölda afgreiðslustaða Íslandspóstshf.:

"Miðað skal við að núverandi fjöldi afgreiðslustaða Íslandspóstshf. sé nægjanlegur til að veita þá hjónustu sem Íslandspósti ber að veita samkvæmt lögum.

Ef Íslandspóstur hins vegar hyggst leggja niður afgreiðslustað þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

- 1. Fjöldi íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðnum er ætlað að þjóna.*
- 2. Stærð þess svæðis sem afgreiðslustaðurinn þjónar.*
- 3. Möguleiki íbúa á að sækja hjónustu annað.*
- 4. Samgöngur á svæðinu.*
- 5. Fjöldi afgreiðslna á afgreiðslustaðnum á ári.*
- 6. Annað sem getur haft áhrif á möguleika íbúa á að sækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu.*

Hyggist Íslandspóstur breyta rekstrarfyrirkomulagi afgreiðslustaðar, svo sem með því að ganga til samninga við þriðja aðila um rekstur afgreiðslu, þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skulu sömu viðmið og í 2. mgr. lögð til grundvallar eftir því sem við á.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að leita umsagnar sveitarstjórna um þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr., á þeim stöðum þar sem fyrirhugað er að leggja niður afgreiðslu eða breyta rekstrarfyrirkomulagi.

Íslandspósti ber að tilkynna lokun á afgreiðslustað til Póst- og fjarskiptastofnunar með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skal tilkynna með eins mánaðar fyrirvara.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 5. gr. reglna um staðsetningu afgreiðslustaða o.fl., þá ganga reglurnar út frá þeirri grunnforsendu að núverandi fjöldi afgreiðslustaða sé nægjanlegur til að veita þá hjónustu sem Íslandspósti hf. ber að veita lögum samkvæmt. Ef Íslandspóstur hf. hyggst hins vegar leggja niður afgreiðslustað þá skal leggja slíka beiðni fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar, sbr. 2. mgr. Tiltekið er í 6. töluliðum hvað Póst- og fjarskiptastofnun ber að leggja til grundvallar við mat á beiðni Íslandspóstshf. um lokun afgreiðslustaðar. Töluliðir 2, 3, 4 og 6 ganga út frá þeirri forsendu að skoða þarf með tilliti til staðháttanna hvort íbúarnir geti sótt hjónustu til einhvers annars afgreiðslustaðar sem Íslandspóstur rekur. Töluliðir 1 og 5 fjalla um umfang þess reksturs sem fram fer á afgreiðslustaðnum.

Í því tilviki sem hér um ræðir þá hyggst Íslandspóstur hf. reka landpósthjónustu með þeim hætti, að landpóstur kemur inn á hvert heimili og afhendir og móttækur póst og tekur þ.a.l. við öllum þeim verkefnum sem nú er sinnt í afgreiðslunni á Stað. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar mun þessi eðlisbreyting á hjónustunni ekki hafa áhrif á aðgengi þeirra íbúa sem búa á svæðinu að pósthjónustu, sbr. t.d. 6., 20., 21. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002. Íbúar munu eftir þær breytingar sem Íslandspóstur hefur boðað fá afhentan póst með sama hætti og áður og einnig geta komið sendingum til skila, en nú með fulltingi landpóstshf. Í ljósi þessa er ekki þörf á að taka til sérstakrar skoðunar þau atriði sem

fram koma í 2. mgr. 5. gr. reglna um afgreiðslustaði, þar sem leggja má að hluta til að jöfnu það þjónustustig sem verður eftir breytingu við það þjónustustig sem var fyrir breytingu.

Ákvörðunarorð

Með vísun í ofangreint samþykkið Póst- og fjarskiptastofnun beiðni Íslandspósts hf., frá 6. nóvember 2006, og heimilar fyrirtækinu að loka þeirri póstafréttislausu sem rekin hefur verið að Stað (póstnúmer 500), frá og með 1. apríl n.k.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun 9. febrúar 2007

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson